

110. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn fimmtudaginn 15. janúar 2004, kl. 10:00 í Ráðhúsi Ölfuss, Þorlákshöfn.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Fannar Jónasson viðskiptafræðingur, Óskar Sigurðsson lögmaður og Hjörleifur Brynjólfsson oddviti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Dagskrá:

1. Endurskoðun á starfssemi Sorpstöðvarinnar.

Fannar Jónasson gerði grein fyrir drögum að skýrslu sinni um „Meðhöndlun sorpmála á Suðurlandi“.

Stjórn Sorpstöðvarinnar þakkar Fannari Jónassyni fyrir vel unnið verk og greinargóða skýrslu. Niðurstaða skýrslunnar er sú að ekki sé unnt, með sameiningu sorpfyrirtækja á Suðurlandi, að skapa nægilega öflugt fyrirtæki til að bera sjálfstæða yfirstjórn. Ennfremur segir skýrslan að ekki liggi fyrir skýrar vísbendingar um möguleika á stærri sameiningu t.d. við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja þó áhugi á samstarfi sé ótvíræður.

Stjórnin metur niðurstöðu skýrslunnar svo að breyting á samstarfi um ráðningu framkvæmdastjóra muni leiða til aukinna útgjalda fyrir Sorpstöðina. Stjórnin tekur undir það sjónarmið skýrslunnar að það sé stjórnar SASS að taka ákvörðun um að hætta samstarfi um sameiginlegan framkvæmdastjóra. Ef sú verður niðurstaðan mun stjórn Sorpstöðvarinnar takast á við úrlausn þess verkefnis.

2. Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.

Hjörleifur gerði grein fyrir málinu frá sjónarhorni Sveitarfélagsins Ölfuss. Óskar Sigurðsson gerði grein fyrir lagalegum hliðum málsins.

Stjórnin samþykkir að fela Óskari að skilgreina þær leiðir sem eru mögulega færar til að leysa úr þeim ágreiningi sem er til staðar um deiliskipulagið.

3. Gjaldskrá og fjárhagsáætlun 2004.

Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá var lögð fyrir og samþykkt:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. pr/kg	3.15
Gjald fyrir ómeðhöndlaðan sláturúrgang	kr. pr/kg	6.15
Gjald fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang	kr. pr/kg	4.90
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr. pr/kg	5.95
Gjald fyrir seyru	kr. pr/kg	1.25
Afgreiðslugjald	kr. pr/losun	980.00
Gjald fyrir trjákulara	kr. pr/klst.	2.740.00

Allar tölur eru án virðisaukaskatts. Gjaldskráin tekur gildi frá og með 1. janúar 2004.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun. Afgreiðslu frestað.

4. Önnur mál.

a. Samþykkt að greiða SASS sem nemur helmingi af bifreiðakostnaði framkvæmdastjóra vegna árána 2002 og 2003.

Fundi slitið kl. 12:40

Þorvarður Hjaltason